# KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa | 23. janúar 2024. 149. tbl. 22. árgangur | kopavogsbladid@kopavogsbladid.is


Efnisyfirlit


- Verum góð 2
- Arnarnesvegur 4
- Mekó 6
- Hvörfin 8




KÓPAVOGSBÆR/2

# Heiðruð fyrir 25 ára starf hjá Kópavogsbæ

**Starfsfólkið átti það sameiginlegt að hafa náð aldarfjórðungi í starfi sínu árið 2023. Allir sem fengu viðurkenninguna koma úr skólaumhverfinu.**



**Viðurkenningar og styrkur Jafnréttis og mannréttindaráðs** /2



**Vignir Stefánsson og Thelma Aðalsteinsdóttir íþróttakarl og íþróttakona Kópavogs 2023** /4



**Bjarni Haukur nýr forstöðumaður Salarins** /10


VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá
**Vildarkort Lindar**
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum

S:HELGASON · Z brautir & gluggatjöld · HÚSGAGNA HÖLLIN · DORMA · Betra BAK · Flügger litir · Parki · VÍDD · HÚSASMIÐJAN

**Húsgagnahöllin:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flügger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vídd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsasmiðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is



Útfararstofa Íslands
Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

**Sólarhringsvakt: 581 3300**
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað
utforin@utforin.is www.utforin.is



Sverrir Einarsson, Útfararstjóri, S: 896 8242
Jón G. Bjarnason, Útfararstjóri, S: 793 4455
Jóhanna Eiríksdóttir, Umsjón útfara
Guðmundur Ö. Jóhannss., Framkvæmdastjóri, Umsjón útfara, S: 862 0537.

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun
★ ★ ★ ★ ★
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI
AIRC · FRM VOTTAÐ GÆÐAKERFI ÍSLAND

**RÉTTUM OG SPRAUTUM ALLAR GERÐIR BÍLA**

Smiðjuvegur 38 rauð gata • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is



ÖSKUDAGSOPNUN
10.–11. FEBRÚAR FRÁ KL. 10-18
BOLLUDAGUR
KL. 10-21
SPRENGIDAGUR
KL. 10-24




ÖSKUDAGUR
**MIÐNÆTUR OPNUN**
SPRENGIDAG
PARTÝBÚÐIN
www.partybudin.is






**Sérhæfum okkur í réttingum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða**

Gerum við fyrir öll tryggingarfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

Varmi
Við réttum og sprautum
Auðbrekku 14 Kópavogi - S: 564 2141
www.varmiehf.is






**KJÖTVINNSLA**

KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla
Smiðjuvegi 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is

LEGSTEINAR
EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Opið: 13-16
alla virka daga
Janúar og febrúar
Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA



Útfaraþjónusta í yfir 70 ár
Við tökum vel á móti ástvinum
í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | S. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til rekstur kirkjugarðanna

Lakkskemman
Bílamálun + Réttingar
Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi,
sími: 557 4540, www.lakkskemman.is

TÍMAMÓT

# Heiðruð fyrir 25 ára starf







Tuttugu voru heiðruð fyrir 25 ára starf hjá Kópavogsbæ við hátíðlega viðhöfn í Salnum fimmtudaginn 18.janúar.

Starfsfólkið átti það sameiginlegt að hafa náð aldarfjórðungi í starfi árið 2023 en sú venja hefur skapast hjá bænum að heiðra fólk í ársbyrjun fyrir 25 ára starfsafmæli árið á undan. Sem þakklætisvott fyrir góð störf fengu starfsmenn afsteypu af lágmynd eftir Gerði Helgadóttur, sem Gerðarsafn er kennt við.

Bæjarstjóri Kópavogs, Ásdís Kristjánsdóttir, ávarpaði gesti og rifjaði meðal annars upp hversu mikið bærinn hefur breyst á tímabilinu, en fjöldi íbúa voru um 20 þúsund árið 1998 en eru rúmlega 40 þúsund í dag.

Öll sem fengu viðurkenninguna í ár koma úr skólaumhverfinu sem hefur tekið ýmsum breytingum á tímabilinu. Skólum og leikskólum í Kópavogi hefur fjölgað í takt við íbúaþróun en árið 1998 höfðu einungis Lindaskóli og leikskólinn Dalur tekið til starfa austan Reykjanesbrautar. Bæjarstjóri þakkaði starfsfólkinu fyrir sitt mikilvæga framlag í starfi í málaflokki sem bærinn hefur lagt áherslu á að sinna vel og af metnaði.

**Irpa Sjöfn Gestsdóttir**, grunnskólakennari Hörðuvallaskóla
**Guðbjörg Ólafsdóttir**, grunnskólakennari Kársnesskóla.
**Sif Garðarsdóttir**, grunnskólakennari Kársnesskóla.
**Þóra Bjarndís Þorbergsdóttir**, grunnskólakennari Kársnesskóla.
**Erla Sigurbjartsdóttir**, grunnskólakennari Lindaskóla.
**Margrét Ásgeirsdóttir**, grunnskólakennari Lindaskóla.
**Geir Sverrisson**, grunnskólakennari Smáraskóla.
**Maria Isabel Ganzalez Sigurjons**, grunnskólakennari Smáraskóla.
**Guðrún Geirsdóttir**, grunnskólakennari Snælandsskóla.
**Elín Guðrún Ingvarsdóttir**, leikskólakennari Arnarsmára.
**Hildur Kristín Helgadóttir**, aðstoðarleikskólastjóri Arnarsmára.
**Sigríður Guðjónsdóttir**, leikskólakennari Arnarsmára.
**Heiðbjört Gunnólfsdóttir**, leikskólastjóri Álfatúni.
**Margrét Bára Einarsdóttir**, leikskólakennari Dal.
**Ásdís Sigurrós Jesdóttir**, leikskólakennari Furugrund.
**Helga Hanna Þorsteinsdóttir**, aðstoðarleikskólastjóri Furugrund.
**Stefanía Herborg Finnbogadóttir**, aðstoðarleikskólastjóri Kópahvoli.
**Gerður Rós Axelsdóttir**, leikskólasérkennari Kópasteini.
**Kristjana Dögg Gunnarsdóttir**, leikskólakennari Kópahvoli.
**Hekla Hannibalsdóttir**, verkefnastjóri grunnskóladeild.

VERUM GÓÐ

## Viðurkenningar og styrkur Jafnréttis og mannréttindaráðs

Boginn Bogfimifélag og fyrirtækið „Verum góð“ hlutu viðurkenningu Jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogs 2023. Þá var verkefninu Spjallið úthlutaður styrkur ráðsins.

Viðurkenningarnar og styrkurinn voru afhentar við hátíðlega viðhöfn í Gerðarsafni miðvikudaginn 6.desember. Það var Heiðdís Geirsdóttir formaður ráðsins sem afhenti viðurkenningarnar að viðstöddum nefndarmönnum, bæjarstjóra og gestum.

„Í Kópavogi eru jafnrétti og mannréttindi okkur mikilvæg og við leggjum okkur fram við að öll upplifi sig velkomin og hluti af okkar frábæra samfélagi,“ sagði Heiðdís við tækifærið.

**Um handhafa viðurkenninga og styrks:**

„Verum góð” er fyrirtæki Margrétar Sigurðardóttur sem tekur að sér fræðslu fyrir nemendur, kennara, starfsfólk og foreldra. Hún hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða í Kópavogi, þar á meðal hinsegin fræðslu. Margrét hefur því lagt sín lóð á vogarskálarnar í jafnréttismálum í Kópavogi og víðar.

Boginn bogfimifélag hlaut viðurkenningu fyrir það framtak að stofna kynlausan keppnisflokk þar sem kynsegin einstaklingar geta keppt í bogfimi. Félagið var stofnað í Kópavogi árið 2012. Oliver Ormar Ingvarsson formaður félagsins og Guðmundur Örn Guðjónsson tóku við viðurkenningunni fyrir hönd Bogans.

Spjallið er samverustund sem fer fram á Bókasafni Kópavogs í því skyni að efla íslensku færni fólks af erlendum uppruna, auk þess að skapa vettvang fyrir tengslamyndun. Elísabet Indra Ragnarsdóttir, hjá Kópavogsbæ og Lísa Z. Valdimarsdóttir forstöðumaður Bókasafns Kópavogs eru í forsvari fyrir verkefnið og tóku við styrknum.



F.v. efsta röð: Signý Skúladóttir, Indriði Ingi Stefánsson, Ragnar Guðmundsson, miðröð: Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Óliver Ormar Ingvarsson, Helga G. Halldórsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Heiðdís Geirsdóttir, fremst: Lísa Z. Valdimarsdóttir, og Margrét Sigurðardóttir.

KÓPAVOGSBLAÐIÐ
Kópavogsblaðið slf,
kt: 620513-1800

**Ritstjóri:** Auðun Georg Ólafsson
**Sími:** 899 3024
**Netfang:** audun@kopavogsbladid.is
**Heimasíða:** www.kopavogsbladid.is
**Hönnun:** Guðmundur Árnason
**Netfang:** kopavogsbladid.gummi@gmail.com
**Prentun:** Landsprent.

**Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:**

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

KOMDU Í

# KARATE

## FRÍR GALLI FYRIR BYRJENDUR




**FRÍR PRUFUTÍMI**

**FRÍSTUNDASTYRKIR SVEITAFÉLAGA GANGA UPP Í ÆFINGAGJÖLD**

**Byrjendanámskeið fyrir börn, unglinga og fullorðna**

Byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir **börn, unglinga og fullorðna**

**Frábær líkamsrækt, styrkur, agi og skemmtun!**

Skráning á **breidablik.is**
allar upplýsingar á Facebooksíðu deildarinnar

## KARATEDEILD BREIÐABLIKS

Sendið okkur póst á **karate@breidablik.is** til að fá frekari upplýsingar

BREIÐABLIK SHOTOKAN KARATE

ÖLL ALMENN MÁLNINGARVINNA OG VIÐHALD Á FASTEIGNUM



Fagmennska í fyrirrúmi – Traust og ábyrg þjónusta

FYRIRTAK málningarþjónusta

fyrirtak@fyrirtak.is – Sími: 519 5949 – fyrirtak.is



ARNARNESVEGUR

# Framkvæmdir við Arnarnesveg

Myndin er tekin seinni hluta desember. Mynd/Vegagerðin, Vilhelm Gunnarsson.

Vel gengur við veglagningu á þriðja áfanga Arnarnesvegar en fyrsta skóflustunga var tekin í ágúst 2023. Þessi þriðji áfangi er á milli Rjúpnavegar og Breiðholtsbrautar. Með framkvæmdinni mun umferðaöryggi aukast, ferðatími styttast og létta á umferð við Vatnsendaveg. Frá því að verkið hófst hefur verið unnið við breikkun Breiðholtsbrautar sunnan núverandi vegar, milli Vatnsendahvarfs og Jaðarsels. Laus jarðefni hafa verið fjarlægð úr vegstæði og nú unnið við bergskeringar gegnt Urðarhvarfi. Í Elliðaárdal er búið er að malbika hjáleið fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem eiga leið um svæðið og einnig er búið að setja upp lýsingu við stíginn.

Áætlað er að verkinu ljúki haustið 2026.

Vigdísarholt www.vigdisarholt.is



LAUS STÖRF Í SUNNUHLÍÐ

Vilt þú koma og vinna með skemmtulegu fólki í aðhlynningu frá 8-13 eða 8-15:30
Okkur vantar gott fólk á dagvaktir í Sunnuhlíð, starfshlutfall er samkomulagsatriði.
Hægt að sækja um á Alfreð eða á vigdisarholt.is
Einnig vantar okkur starfsfólk í sumarafleysingar í sumar, í aðhlynningu, hjúkrunarfræðinga og í eldhús.
Allar frekari upplýsingar fást hjá Svanlaugu framkvæmdastjóra hjúkrunar svana@sunnuhlid.is

HLÖKKUM TIL AÐ HEYRA FRÁ ÞÉR

ÍÞRÓTTAFÓLK KÓPAVOGS 2023

# Vignir Vatnar Stefánsson og Thelma Aðalsteinsdóttir íþróttakarl og íþróttakona Kópavogs 2023

Vignir Vatnar Stefánsson skákmaður úr Breiðabliki og Thelma Aðalsteinsdóttir fimleikakona úr Gerplu voru kjörin íþróttakarl og íþróttakona Kópavogs fyrir árið 2023.

Kjörinu var lýst á íþróttahátíð Kópavogs í Salnum fimmtudaginn 11. janúar. Fengu þau að launum farandbikar og eignarbikar jafnframt því sem Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs afhenti þeim hvoru um sig 300 þúsund króna ávísun í viðurkenningarskyni frá Kópavogsbæ.

Vignir Vatnar og Thelma voru valin úr hópi 42 íþróttamanna sem fengu viðurkenningu íþróttaráðs eftir tilnefningar frá íþróttafélögunum í bænum.

Auk þeirra Vignis Vatnars og Thelmu hlutu átta einstaklingar viðurkenningu fyrir frammistöðu á árinu í flokknum 17 ára og eldri.

Þá hlutu 32 unglingar viðurkenningu fyrir góðan árangur á árinu 2023.

Í fyrsta sinn var gefinn kostur á að tilefna kvár og stálp til viðurkenninga og fékk stálp í flokki 13 til 16 ára viðurkenningu á hátíðinni.

Fjöldi annarra viðurkenninga var veittur á hátíðinni. Meðal annars var sjálfboðaliði ársins valinn í fyrsta sinn og hlaut Gunnþór Hermannsson þá viðurkenningu fyrir starf sitt í þágu HK.



Mynd frá vinstri: Sverrir Kári Karlsson formaður íþróttaráðs, Thelma Aðalsteinsdóttir, Vignir Vatnar Stefánsson og Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs.

Lakkskemman Bílamálun + Réttingar

Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi, sími: 557 4540, www.lakkskemman.is

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Rúnar Geirmundsson
Þorbergur Þórðarson
Elís Rúnarsson
Sigurður Rúnarsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is

# FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA Á SMIÐJUVEGI

## Þjónusta í heimabyggð




1

HEGAS ehf
...allt fyrir tréiðnaðinn

**Þjónustum tréiðnaðinn með hráefni, tæki og tól, og veitir faglega þjónustu.**

Smiðjuvegi 1, S: 580 6700 ,
hegas@hegas.is, hegas.is

2

GALA
VEISLUSALUR

**Veislusalur fyrir öll tækifæri. Fermingar, brúðkaup, ráðstefnur erfidrykkjur, fundir og kynningar.**

Smiðjuvegi 1, S: 580 6720,
gala@gala.is, gala.is

3

Íspan
GLERBORG

**Hágæða einangrunargler sem hentar íslenskum aðstæðum.**

Smiðjuvegur 7, S: 545 4300,
ispan@ispan.is, ispan.is



Verið velkomin á

XO

FUN · FAST · FUSION

Smáralind

www.XOisland.is | S: 571-3888



FYRIRTÆKJA- &
VEISLUÞJÓNUSTA
Í BOÐI ALLA DAGA



# MEKÓ

## DAGSKRÁ VOR 2024

- Bókasafn Kópavogs
- Gerðarsafn
- Náttúrufræðistofa
- Salurinn
- Menning í Kópavogi

## Menning á miðvikudögum kl. 12:15

### JANÚAR

**24/1** **Treystu náttmyrkrinu**
Spennandi nýsköpun með kvartettnum Stirni

**31/1** **Dansleiðsögn um MOLTU**
Rósa Ómarsdóttir með Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur

### FEBRÚAR

**7/2** **Leslyndi**
eftirlætisbækur
Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur

**14/2** **Ástarljóð á Valentínusardegi**
Upplestur skálda

**21/2** **Hádegistónleikar**
með Jelenu Ciric ásamt Karli Pestka og Margréti Arnardóttur

**28/2** **Venjulegir staðir | Venjulegar myndir**
Sýningaleiðsögn

### MARS

**6/3** **Leslyndi**
eftirlætisbækur
Bragi Ólafsson rithöfundur

**13/3** **Hvað er grænþvottur?**
Hugtök og fyrirbæri á mannamáli

**20/3** **Hvað er náttúrurvár-sérfræðingur?**
Hugtök og fyrirbæri á mannamáli

**27/3** **Venjulegir staðir | Venjulegar myndir**
Sýningaleiðsögn

### APRÍL

**3/4** **Leslyndi**
eftirlætisbækur
Fríða Ísberg rithöfundur

**10/4** **Hvað er?**
Hugtök og fyrirbæri á mannamáli

**17/4** **Hvað er?**
Hugtök og fyrirbæri á mannamáli

**24/4** **Sýning Þórs Vigfússonar**
Leiðsögn

## Fjölskyldustundir á laugardögum kl. 13:00

### JANÚAR

**20/1** **Töfratákn**
Vefsmiðja

**27/1** **Mitt er þitt og þitt er mitt**
Söngstund með Ragnheiði Gröndal og Guðmundi Péturssyni

### FEBRÚAR

**10/2** **Vísindasmiðja HÍ**
Fjölskyldustund á Lindasafni

**17/2** **Grímusmiðja**
Litlar, stórar, litríkar og leikandi

**24/2** **Felufélagar**
Skuggaleikhússmiðja með ÞYKJÓ

### MARS

**2/3** **Ævintýralandið**
Undraheimur pappírsins

**9/3** **Together**
Pólsk fjöltyngd listsmiðja

**16/3** **Lífríki náttúrunnar**
Fjölskyldustund á Lindasafni

**23/3** **Málum saman páskaegg**
Fjölskyldustund með ÞYKJÓ

### APRÍL

**6/4** **Náttúrulæsi með Náttúrufræðistofu**

**13/4** **Sköpum saman**
Fjölskyldustund

**20/4** **Together**
Pólsk fjöltyngd listsmiðja

**27/4** **Uppskeruveisla Barnamenningar-hátíðar**

meko.is

# Foreldramorgnar á fimmtudögum kl. 10:00

## JANÚAR

- **25/1 Skyndihjálp** Foreldramorgunn

## FEBRÚAR

- **1/2 Foreldramorgunn á Gerðarsafni**
- **8/2 Skjánotkun og þroski barna**
- **15/2 Foreldramorgunn á Gerðarsafni**
- **22/2 Svefnvenjur barna** Foreldramorgunn
- **29/2 Foreldramorgunn á Gerðarsafni**

## MARS

- **7/3 Lestur og þroski** Foreldramorgunn
- **14/3 Foreldramorgunn á Gerðarsafni**
- **21/3 Ungbarnanudd** Foreldramorgunn

## APRÍL

- **4/4 Sjálfsmildi** Foreldramorgunn
- **11/4 Foreldramorgunn á Gerðarsafni**
- **18/4 Holl fæða** Foreldramorgunn

# Annað á dagskrá

**Frekari upplýsingar um alla viðburði er að finna á meko.is**

**GERÐUR grunnsýning - opið daglega kl. 12-18**

**13/1-31/3 Venjulegir staðir**

## JANÚAR

- **21/1 Ljóðstafur Jóns úr Vör og Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs**
- **22-27/1 Ljóðaandrými**
  Ragnheiður Lárusdóttir
  Ólafur Sveinn Jóhannesson
  Hildur Kristín Thorstensen
  Gunnhildur Þórðardóttir
  Eyrún Ósk Jónsdóttir
  Eygló Jónsdóttir
  Anton Helgi Jónsson
- **22/1-3/2 Ljóð barn**
- **24/1 Skáldin lesa** Nýjar ljóðabækur í brennidepli
- **25/1 Hádegisdjass FÍH** Dagar ljóðsins
- **25/1 Jólabókaflóðið** Jón Yngvi Jóhannsson
- **25/1-4/2 MOLTA sýning**
- **27/1 Ljóðamálþing með óðfræðifélaginu Boðn**
- **27/1 FLOTT og fyndið** Hljómsveitin FLOTT
- **28/1 contemporary piano currents**
- **31/1 Hananú**

## FEBRÚAR

- **10/2-31/3 Venjulegar myndir**
- **1/2 Af fingrum fram**
- **1/2 Lesið á milli línanna**
- **2-4/2 Vetrarhátíð í Kópavogi**
- **3/2 Lesið fyrir hunda**
- **3/2 Söngvaskáld**
- **4/2 Ástir (& Ásláttur)**
- **10/2 Sýningaropnun á Venjulegar myndir**
- **14/2 Hananú**
- **15/2 Af fingrum fram**
- **18/2 Póstkort og svipbrigði**
- **19-20/2 Vetrarfrí í grunnskólum**
- **25/2 Sigling (&Stormur)**
- **28/2 Hananú**
- **28/2 Krimmaspjall á pólsku** Lilja Sigurðardóttir
- **29/2 Hádegisdjass FÍH**
- **29/2 Langur fimmtudagur**

## MARS

- **2/3 Lesið fyrir hunda**
- **2/3 Söngvaskáld**
- **7/3 Lesið á milli línanna**
- **7/3 Af fingrum fram**
- **9/3 Glæparitsmiðja** Lilja Sigurðardóttir
- **9/3 Himinn og jörð**
- **13/3 Hananú**
- **17/3 Sundur (& Saman)**
- **20/3 Joni Mitchell**
- **21/3 Hádegisdjass FÍH**
- **21/3 Af fingrum fram**
- **24/3 Klassík í Salnum**
- **27/3 Hananú**

## APRÍL

- **6/4 Sýning Þórs Vigfússonar opnar**
- **4/4 Lesið á milli línanna**
- **4/4 Af fingrum fram**
- **6/4 Lesið fyrir hunda**
- **6/4 Syngjandi í 65 ár**
- **10/4 Hananú**
- **14/4 Upphaf (& Endir)**
- **19/4 Söngvaskáld**
- **21/4 Ljóðrænn og kraftmikill er saxafónninn**
- **23/4 Kanóna íslenskra glæpasagna** Lilja Sigurðardóttir
- **24/4 Hananú**
- **25/4 Hádegisdjass FÍH**

**Hannyrðaklúbburinn Garn og gaman -** alla þriðjudaga kl. 10:00-12:00
**Lesnæði -** alla þriðjudaga kl. 19:30-21:30
**Hannyrðaklúbburinn Kaðlín -** alla miðvikudaga kl. 14:00-16:00
**Tala og spila: íslenska sem annað mál -** alla laugardaga kl. 11:00-12:30
**Lesið fyrir hunda -** fyrsta laugardag í mánuði kl. 11:30-12:30

Menning á miðvikudögum, Foreldramorgnar á fimmtudögum og Fjölskyldustundir á laugardögum eru í boði lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar.

Aðgangur er ókeypis og öll velkomin!

**Þjónustum fyrirtæki sem vinna með matvæli. Kæling, ryðfrí stálsmíði, færibönd o.fl.**

Turnahvarf 8,
S: 587 1300,
kapp@kapp.is, kapp.is

**Framsækið bygginga- fyrirtæki sem setur fólk í fyrsta sæti og sýnir fyrir- hyggju og ábyrgð í verki**

Turnahvarf 4, S: 517 1660
ggverk@ggverk.is,
www.ggverk.is

**Heilsuvernd veitir þjónustu á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilbrigðisþjónustu.**

Urðarhvarf 14,
S: 510 6500,
hv@hv.is, hv.is

**Alhliða byggingaverktakar**

Tónahvarfi 9, S: 564 5795
serverk@serverk.is,
serverk.is

**DÝRHEIMAR**

**Samfélag þar sem hunda- og kattaeigendur geta sótt þær vörur og þjónustu sem þeir þurfa**

Víkurhvarf 5, S: 580 4300
dyrheimar@dyrheimar.is,
dyrheimar.is

# Þjónusta í heimabyggð

## Góð þjónusta í Hvörfunum í Kópavogi




**World Class býður upp á 18 heilsuræktar- stöðvar og aðgang að 8 sundlaugum**

Ögurhvarf 1, S: 553 0000
worldclass@worldclass.is,
worldclass.is

**Veitum góða og faglega þjónustu á sviði sjúkraþjálfunar**

Urðarhvarf 8 - 4. hæð, s: 520 0120
orkuhusid@sjukratjalfun.is,
sjukratjalfun.is

**Gólfslípivélar og ryksugur í miklu úrvali**

Vikurhvarf 8, s: 544 4656
mhg@mhg.is,
www.mhg.is

**Félag fatlaðs fólks um notendastýrða persónulega aðstoð**

Urðarhvarf 8A, 2. hæð,
s: 567 8270, npa@npa.is,
www.npa.is

**ReebokFitness er í Holtagörðum, Urðarhvarfi, Tjarnarvöllum, Kópavogslaug, Salalaug og Faxafeni**

Urðarhvarfi 2,
reebokfitness@reebokfitness.is,
reebokfitness.is

6

Löggiltir endurskoðendur ehf

Urðarhvarfi 8, S: 556 3000
endurskodendur@endurskodendur.is,
www.endurskodendur.is

7

VÍKUR V·E·R·K

**Frí heimsending
á öllum pöntunum
yfir 20.000 kr.**

Víkurhvarfi 6, S: 557 7720
vikurverk@vikurverk.is,
vikurverk.is

8

**Bónus – lágvöruverslun**

Ögurhvarf, bonus.is

10

OSTEOSTRONG

**OsteoStrong hjálpar þér
að styrkja bein, vöðva,
vöðvafestingar, sinar og
liðbönd svo um munar**

Ögurhvarfi 2 og Hátúni 12,
s: 419 9200,
mottaka@osteostrong.is
www.osteostrong.is

11

Lindabakarí

**Gæðabakarí fyrir skírnir,
fermingar, brúðkaup,
erfidrykkjur og fundi**

Ögurhvarf 3, Bæjarlind 1-3
og Tjarnavellir 15, s: 544 5566
lindabakari @ lindabakari.is,
www.lindabakari.is




# FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA Í HVÖRFUNUM













TENNISHÖLLIN

# Nýr matseðill og nýr yfirkokkur hjá Hjartanu Bistro og kaffihúsi í Tennishöllinni í Kópavogsdalnum

Aron Helgi yfrikokkur ásamt Gauja einkaþjálfara í Sporthúsinu.

Hjartað er Bistro í hjarta Tennishallarinnar sem býður upp á rólega og vinalega stemningu og er opið öllum. Nýlega tók Aron Gísli Helgason við sem yfirkokkur staðarins en Aron Gísli var í íslenska kokkalandsliðinu á árinu 2022. Aron hefur starfað á mörgum góðum veitingahúsum eins og Rub23, Brút og Héðni og sigraði kokka keppnina Artic chef árið 2022. Aron hefur nýlega sett saman nýjan hádegismatseðil en þar má meðal annars finna heilsurétti eins og fisk dagsins, kjúkling dagsins og salat hússins en fiskurinn hefur verið vinsælasti réttur Hjartans frá opnun.

Einnig er hægt að fá kjúklingaborgara sem er vinsæll réttur og ostborgara auk pítsu og boozts. Tennishöllin er við hliðina á Sporthúsinu og hefur Bistróíð verið vel sótt meðal einkaþjálfara Sporthússins. Á léttu nótunum lét Aron það fylgja sögunni að út frá því væri slagorð staðarins fundið. Hjartað, þar sem einkaþjálfararnir borða.

SALURINN

# Bjarni Haukur nýr forstöðumaður Salarins



Bjarni Haukur Þórsson hefur verið ráðinn forstöðumaður Salarins.

Salurinn í Kópavogi er ein mikilvægasta menningarstofnun landsins og ég sé mörg sóknarfæri í starfsemi hans. Ég stefni á að auka þar framboðið af metnaðarfullri og fjölbreyttri tónleika- og menningardagskrá og þar mun sígild- og samtímatónlist eiga ríkulegan sess, enda Salurinn hannaður fyrir klassíska tónlist", segir Bjarni Haukur.

„Þau nýmæli sem ég stefni á, felast aðallega í samstarfi við tónlistar- og menningarhús á Norðurlöndum og sömuleiðis að auka framboð af menningarviðburðum fyrir börn og fjölskyldur. Síðast en ekki síst vil ég efla aðsóknina að Salnum og þar ættu öll að geta fundið eitthvað við sitt hæfi."

Bjarni Haukur er með B.F.A./B.V.A. gráðu í leiklist frá American Academy of Dramatic Arts í New York og MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.

Bjarni Haukur var framkvæmdarstjóri Thorsson Productions á Norðurlöndum frá árinu 2004. Þar stýrði hann daglegum rekstri, þróun verkefna, framleiðslu, leikstjórn og handritsgerð. Bjarni hefur átt í nánu samstarfi við mörg af virtustu menningarhúsum Norðurlandanna svo sem Kulturhuset í Stokkhólmi, Þjóðleikhúsið í Svíþjóð, Sænska leikhúsið í Helsinki, Borgarleikhúsið í Osló og Þjóðleikhúsið í Noregi. Samstarf sem hefur aflað honum mikilvægra tengsla sem nýtast munu honum í nýju starfi forstöðumanns.

„Framundan eru spennandi breytingar í menningarlífinu í Kópavogi og það er frábært að fá Bjarna Hauk til liðs við okkur á þessum tímapunkti. Hann býr yfir mikilli reynslu og hefur ferska sýn á tónlistar- og menningarviðburði í Salnum sem mun nýtast til að stýra kröftugri uppbyggingu í þessu einstaka menningarhúsi," segir Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs.

Bjarni var leikari við Þjóðleikhúsið, og hefur framleitt sjónvarpsþætti og kvikmyndir fyrir íslenskar og erlendar sjónvarpsstöðvar auk þess að starfa við dagskrárgerð fyrir útvarp og sjónvarp. Um skeið var Bjarni markaðsfulltrúi Sagafilm og sat í stjórn Nordiska Teaterförlaget í Kaupmannahöfn, sem er eitt stærsta forlag með leikverk, óperur og sinfóníur á Norðurlöndunum. Þá hafa nokkur leikverk eftir Bjarna Hauk verið sýnd í 26 löndum.

„Bjarni Haukur verður hluti af öflugum hópi menningarstjórnenda í Kópavogi og mun hans mikla reynsla nýtast vel til til þess að efla Salinn enn frekar sem tónlistar- og menningarhús. Ég býð hann hjartanlega velkominn til starfa," segir Soffía Karlsdóttir forstöðumaður menningarmála.




BARNA OG UNGLINGA-ÆFINGAR LÍKA Í BOÐI! 8 - 18 ÁRA
KAFFIHÚS FYRIR FORELDRA
MINI TENNIS FJÖR
TFK
FYRIR ALLA 5-7 ÁRA KRAKKA
SKRÁNING
MINI TENNIS EINNIG Í BOÐI FYRIR FRÍSTUND KÓPAVOGSSKÓLA SNÆLANDSSKÓLA SMÁRASKÓLA
ÆFINGATÍMAR
• Sunnudaga 12:30-13:30
• Miðvikudaga 14:30-15:30
• Laugardaga 11:30-12:30
• Hægt er að velja æfingatíma!
Æfingar frá 4.1.24 - 31.5.24
TFK
Skráning og nánari upplýsingar
Tennishöllin í Kópavogi
TFK.is
sindri@tennishollin.is

# KOMDU Í SUND

## Í KÓPAVOGI



## Sund fyrir alla

Sundlaugarnar í Kópavogi bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu með vatnsrennibrautum, gufu, heitum og köldum pottum.
Frítt fyrir yngri en 18 ára og 67 ára og eldri.

**Opið**
virka daga 6:30–22:00,
laugardaga og sunnudaga
8:00–18:00

**Sundlaug Kópavogs**
Borgarholtsbraut 17

**Salalaug**
Versölum 3

**Sundlaugar Kópavogs**